

Orðaskrá um evrópska menntastefnu - 100 lykilorð

1) aðgengi að menntun og þjálfun (access to education and training)

Skilyrði, aðstæður eða kröfur (s.s. hæfi, menntunarstig, leikni eða starfsreynsla o.s.frv.) sem segja fyrir um inngöngu í eða námsvist við menntastofnanir, fræðslumiðstöðvar eða námleiðir.

Heimild: Byggt á Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), 1995.

Conditions, circumstances or requirements (e.g. qualification, education level, skills or work experience, etc.) governing admittance to and participation in education and training institutions or programmes.

Source: adapted from Unesco, 1995.

2) vottun þjálfunar- eða námsleiðar (accreditation of an education or training programme)

Gæðatryggingarferli þar sem löggjafarvaldið eða viðkomandi fagleg yfirvöld veita þjálfunar- eða námsleið vottaða stöðu sem sýnir að hún uppfylli fyrirfram ákveðin viðmið .

Heimild: Byggt á Canadian Information Centre for International Credentials.

Skylt hugtak: vottun þjálfunar- eða fræðsluaðila

A process of quality assurance through which accredited status is granted to a programme of education or training, showing it has been approved by the relevant legislative or professional authorities by having met predetermined standards.

Source: adapted from Canadian Information Centre for International Credentials.

Related term: accreditation of an education or training provider.

3) vottun þjálfunar- eða fræðsluaðila (accreditation of an education or training provider)

Gæðatryggingarferli þar sem löggjafarvaldið eða viðkomandi fagleg yfirvöld veita þjálfunar- eða fræðsluaðila vottaða stöðu sem sýnir að að hann uppfylli fyrirfram ákveðin viðmið .

Heimild: Byggt á Canadian Information Centre for International Credentials.

Skylt hugtak: vottun þjálfunar- eða námsleiðar, fræðsluaðili.

A process of quality assurance through which accredited status is granted to an education or training provider, showing it has been approved by the relevant legislative or professional authorities by having met predetermined standards.

Source: adapted from Canadian Information Centre for International Credentials.

Related terms: accreditation of an education or training programme, education or training provider

4) aðlögunarhæfni (adaptability)

Geta stofnunar eða einstaklings til að laga sig að nýrri tækni, nýjum markaðsaðstæðum eða nýju starfsfyrirkomulagi.

Heimild: Byggt á Cedefop, 2004.

Skyld hugtök: starfshæfni, ævinám.

The capacity of an organisation or of an individual to adapt to new technologies, new market conditions and new work patterns.

Source: based on Cedefop, 2004.

Related terms: employability, lifelong learning

5) fullorðinsnám / nám fullorðinna (adult education)

Almenn menntun eða starfsnám fyrir fullorðið fólk að lokinni grunnmenntun og þjálfun bæði í faglegum og/eða persónulegum tilgangi til þess að:

- veita fullorðnu fólk almenna menntun um efni sem það telur sérstaklega áhugavert (t.d. í opnum háskólum);
- veita uppbótarnám í grunnleikni sem fólk hefur ekki náð tökum á í grunnnámi (s.s. lestri og reikningi) og
- gera fólk þannig kleift að öðlast hæfi sem það náði af einhverjum ástæðum ekki í grunnnámi eða -þjálfun;
- öðlast, bæta eða endurnýja þekkingu, leikni eða færni á ákveðnu sviði: hér er átt við endurmenntun og -þjálfun.

Athugasemd: Nám fullorðinna er skylt, en ekki samheiti endurmenntunar og -þjálfunar.

Heimild: Byggt á European Training Foundation 1997; Cedefop, 2004.

Skyld hugtök: uppbótarnám, endurmenntun og -þjálfun, ævinám.

General or vocational education provided for adults after initial education and training for professional and/or personal purposes, and which aims to:

- provide general education for adults in topics of particular interest to them (e. g. in open universities);
- provide compensatory learning in basic skills which individuals may not have acquired earlier in their initial education or training (such as literacy, numeracy) and thus to;
- give access to qualifications not gained, for various reasons, in the initial education and training system;
- acquire, improve or update knowledge, skills or competences in a specific field: this is continuing education and training.

Comment: adult education is close to, but not synonymous with, continuing education and training.

Source: adapted from European Training Foundation 1997; Cedefop, 2004.

Related terms: compensatory learning, continuing education and training, lifelong learning

6) víxlnám (alternance training)

Menntun eða þjálfun þar sem á skiptast tímabil í skóla eða fræðslumiðstöð og á vinnustað. Námið getur víxlast milli þessara staða á viku, mánaðar eða árs fresti. Mismunandi er eftir stöðu námsins og löndum hvort þátttakendur eru samningsbundnir atvinnurekanda og/eða eru á launum.

Athugasemd: *Das duale System der Berufsausbildung* í Þýskalandi er dæmi um víxlnám.

Heimild: Byggt á Cedefop, 2004.

Skyld hugtak: samningsbundið nám.

Education or training combining periods in an educational institution or training centre and in the workplace. The alternance scheme can take place on a weekly, monthly or yearly basis. Depending on the country and applicable status, participants may be contractually linked to the employer and/or receive a remuneration.

Comment: the German 'dual system' is an example of alternance training.

Source: based on Cedefop, 2004.

Related term: apprenticeship

7) **samningsbundið nám** (apprenticeship)

Skipulagt langtíma starfsnám þar sem skiptist á starf á vinnustað og nám í skóla eða fræðslumiðstöð. Neminn er samningsbundinn atvinnurekanda og fær greidd laun eða annars konar greiðslur. Atvinnurekandinn ber ábyrgð á að sjá nemanum fyrir þjálfun til ákveðins starfs.

Athugasemdir:

- Á frönsku vísar hugtakið *apprentissage* bæði til samningsbundins náms og einnig námsframvinnunnar (sbr. 'nám')
- Þýska *das duale System der Berufsausbildung* er dæmi um samningsbundið nám.

Heimild: Cedefop, 2004.

Skylt hugtak: víxlnám.

Systematic, long-term training alternating periods at the workplace and in an educational institution or training centre. The apprentice is contractually linked to the employer and receives remuneration (wage or allowance). The employer assumes responsibility for providing the trainee with training leading to a specific occupation.

Comments:

– in French, the term 'apprentissage' relates to both apprenticeship and the process of learning (see 'learning');

– the German 'dual system' is an example of apprenticeship.

Source: Cedefop, 2004.

Related term: alternance training

8) **námsmat** (assessment of learning outcomes)

Mat á þekkingu, kunnáttu, verksviti, leikni og/eða færni einstaklings samkvæmt fyrirfram ákveðnum viðmiðum (námsvæntingum, mati á námsafrekstri). Mati fylgir að jafnaði staðfesting og námsskírteini.

Athugasemd: Í fræðiritum vísar námsmat (*assessment*) yfirleitt til mats á einstaklingum en námskeiðsmat (*evaluation*) er frekar notað um mat á kennslu- eða þjálfunaraðferðum og fræðsluaðilum.

Heimild: Cedefop, 2004.

Skylt hugtak: lærdómur.

The process of appraising knowledge, know-how, skills and/or competences of an individual against predefined criteria (learning expectations, measurement of learning outcomes).

Assessment is typically followed by validation and certification.

Comment: in the literature, 'assessment' generally refers to appraisal of individuals whereas 'evaluation' is more frequently used to describe appraisal of education and training methods or providers.

Source: Cedefop, 2004.

Related term: certification of learning outcomes

9) **útgefandi skírteinis** (awarding body)

Aðili sem að loknu námsmáti og staðfestingu gefur út skjal um hæfi einstaklings (skírteini / námstitil) og vottar þannig lærdóm (þekkingu, leikni og/eða færni) hans.

Heimild: Byggt á Cedefop, 2004.

Skyld hugtök: skírteini og námstitill, vottun lærdóms, staðfesting lærdóms.

A body issuing qualifications (certificates, diplomas or titles) formally recognising the learning outcomes (knowledge, skills and/or competences) of an individual, following a assessment and validation procedure.

Source: based on Cedefop, 2004.

Related terms: certificate / diploma / title, certification of learning outcomes, validation of learning outcomes

10) **grunnleikni í upplýsinga- og samskiptatækni** (basic information and communication technology (ICT) skills)

Sú leikni sem þarf til að beita á skilvirkan hátt einföldum aðgerðum í upplýsinga- og samskiptatækni (í meginatriðum: orð / mynd / gagnavinnsla, netið og tölvupóstur).

Athugasemd: Sumir höfundar bæta við vélbúnaðarleikni (tengja búnað, setja upp hugbúnað, leiðrétta grundvallarvillur) eða frekari hugbúnaðarleikni (nota sýningarforrit eða töflureikni, skráastjórnun, endurheimta upplýsingar o.s.frv.). Aðrir höfundar líta jafnvel svo á að grunnleikni í upplýsinga- og samskiptatækni sé orðin hluti lykilleikni / lykilhæfni.

Heimild: Byggt á Cedefop, 2004.

Skyld hugtök: grunnleikni, upplýsinga- og samskiptatækni (ust/ut), lykilleikni, ný lykilleikni.

The skills needed to use efficiently the elementary functions of information and communication technologies (essentially word/image/data processing, Internet and e-mail). Comment: some authors also include hardware skills (connecting devices, installing software, correcting basic faults) or further software skills (using a presentation programme or spreadsheet, file management, retrieving data, etc.); other authors even consider that basic ICT skills are now part of key skills/key competences.

Source: based on Cedefop, 2004.

Related terms: basic skills, information and communication technology (ICT), key skills, new basic skills

11) **grunnleikni** (basic skills)

Sú leikni sem nauðsynleg er til að taka þátt í nútíma þjóðfélagi, s.s.. hlustun, tal, lestur, skrift og stærðfræði.

Athugasemd: Grunnleikni og ný grunnleikni mynda sameiginlega lykilleikni.

Heimildir: Cedefop, Björnåvold, 2000; Cedefop, Tissot, 2000; Cedefop, 2004.

Skyld hugtök: grunnleikni í upplýsinga- og samskiptatækni, lykilleikni, ný grunnleikni.

The skills needed to live in contemporary society, e.g. listening, speaking, reading, writing and mathematics.

Comment: combined with new basic skills, basic skills form key skills.

Source: Cedefop, Björnåvold, 2000; Cedefop, Tissot, 2000; Cedefop, 2004.

Related terms: basic information and communication technology (ICT) skills, key skills, new basic skills

12) skírteini / námstitill (certificate / diploma / title)

Opinbert skjal gefið út af þar til bærum útgefanda þar sem fram kemur árangur einstaklings að loknu mati og staðfestingu miðað við fyrirfram ákveðin viðmið.

Heimild: Byggt á Cedefop, 2004.

Skyld hugtök: námsmati, útgefandi skírteinis, vottun lærdóms, hæfi.

An official document, issued by an awarding body, which records the achievements of an individual following an assessment and validation against a predefined standard.

Source: based on Cedefop, 2004.

Related terms: assessment, awarding body, certification of learning outcomes, qualification

13) vottun lærdóms (certification of learning outcomes)

Útgáfa skírteinis eða námstitils þar sem formlega er vottað að sá lærdómur (þekking, verksvit, leikni og/eða færni) sem einstaklingurinn hefur aflað sér hafi verið metinn og vottaður samkvæmt fyrirfram ákveðnum viðmiðum og staðfestur af þar til bærum aðila.

Athugasemd: Vottunin getur staðfest nám hvort sem það er formlegt, formlaust eða óformlegt.

Heimild: Byggt á Cedefop, 2004.

Skyld hugtök: námsmat, útgefandi skírteinis, skírteini og námstitill, hæfi, staðfesting lærdóms.

The process of issuing a certificate, diploma or title formally attesting that a set of learning outcomes (knowledge, knowhow, skills and/or competences) acquired by an individual have been assessed and validated by a competent body against a predefined standard.

Comment: certification may validate the outcome of learning acquired in formal, non-formal or informal settings.

Source: based on Cedefop, 2004.

Related terms: assessment of learning outcomes, awarding body, certificate / diploma / title, qualification, validation of learning outcomes

14) frjáls félagasamtök (civil society)

„Þriðji geiri“ samfélagsins, fyrir utan ríkisvaldið og markaðinn, sem nær til stofnanna, hópa og samtaka (bæði samhæfðra og óformlegra) sem annast geta milligöngu almennings og stjórnvalda.

Heimild: Cedefop, 2001 í Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (European Commission), 2004

eða

Öll þau samtök sem hafa innan sinna vébanda félaga sem vinna að almannahagsmunum og geta jafnframt annast milligöngu almennings og stjórnvalda.

Heimild: Efnahags- og fjármálanefnd Evrópubandalaganna (Economic and Social Committee), 1999.

A ‘third sector’ of society beside the State and the market, embracing institutions, groups and associations (either structured or informal), which may act as mediator between citizens and public authorities.

Source: Cedefop, 2001 in European Commission, 2004.

or

The sum of all organisational structures whose members have objectives and responsibilities of general interest and who also act as mediators between public authorities and citizens.

Source: Economic and Social Committee, 1999.

15) sambærileiki hæfis (comparability of qualifications)

Mælikvarði á að hvaða marki jafngildi sé fyrir hendi varðandi stig og inntak hæfis (skírteina eða námstítla) innan atvinnugeira eða svæðis, á landsvísu eða á alþjóðavettvangi.

Athugasemd: Sambærileiki hæfis eykur á starfshæfni og hreyfanleika einstaklinga. Varast ber að rugla því saman við 'jafngildi hæfis' (sem einnig vísar til svipaðs gildis skírteina og námstítla).

Heimild: Cedefop, Björnåvold, 2000.

Skyld hugtak: gagnkvæm viðurkenning hæfis

The extent to which it is possible to establish equivalence between the level and content of qualifications (certificates diplomas or titles) at sectoral, regional, national or international levels.

Comment: comparability of qualifications improves individuals' employability and mobility. This term must not be confused with 'equivalence of qualifications' (which refers to the similarity of value of certificates or diplomas).

Source: Cedefop, Björnåvold, 2000.

Related term: mutual recognition of qualifications

16) uppbótarnám (compensatory learning)

Nám sem ætlað er að fylla upp í skörð í fyrri menntun eða þjálfun, einkum til að gera fólki fært að taka þátt í starfsnámi.

Heimild: Cedefop, 2004.

Skyld hugtök: nám fullorðinna, grunnleikni.

Learning intended to fill the gaps accumulated by individuals during education or training, mainly to enable them to take part in training.

Source: Cedefop, 2004.

Related terms: adult education, basic skills

17) færni / hæfni (competence)

Getan til að beita lærdómi á viðunandi hátt í ákveðnu samhengi (menntun, starfi, einstaklingsþroska eða fagþróun).

Athugasemd: Færni / hæfni á ekki aðeins við um vitsmunalega þætti (að beita kennisetningum, hugtökum eða almennri þekkingu); hún nær einnig til starfrænna sviða (sem fela í sér tæknileikni) og siðrænna gilda.

Heimildir: Cedefop, 2004, Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (European Commission), 2006a.

Skyld hugtök: verksvit, þekking, leikni

The ability to apply learning outcomes adequately in a defined context (education, work, personal or professional development).

Comment: competence is not limited to cognitive elements (involving the use of theory, concepts or tacit knowledge); it also encompasses functional aspects (involving technical skills) as well as interpersonal attributes (e.g. social or organisational skills) and ethical values.

Source: Cedefop, 2004, European Commission, 2006a.

Related terms: know-how, knowledge, skills

18) skyldunám (compulsory education)

Það lágmarksviðmið sem kveðið er á um í lögum um lengd og kröfur skyldubundinnar skólagöngu.

Heimild: Alþjóðavinnuárástofnunin (ILO), 1998.

Skyld hugtök: grunnmenntun, nám að loknu skyldunámi.

The minimal legal standards and duration of obligatory schooling.

Source: ILO, 1998.

Related terms: grunnmenntun, post-compulsory education.

19) endurmenntun og -þjálfun (continuing education and training)

Menntun að loknu grunnnámi og -þjálfun eða eftir að atvinnuþátttaka er hafin og miðar að því að fólk geti

- bætt og endurnýjað þekkingu og/eða leikni;
- öðlast nýja leikni til að treysta stöðu sína á vinnumarkaði eða til umskólunar
- eftt persónulegan og faglegan þroska

Athugasemd: Endurmenntun er hluti ævináms og getur falið í sér hvers konar menntun (almenna, sérhæfða eða starfsmenntun, formlega eða óformlega, o.s.frv.). Þessi menntun skiptir sköpum fyrir starfshæfni hvers og eins.

Heimild: Cedefop, 2004.

Skyld hugtök: nám fullorðinna, uppbótarnám, grunnmenntun, ævinám.

Education or training after initial education and training – or after entry into working life aimed at helping individuals to:

- improve or update their knowledge and/or skills;
- acquire new skills for a career move or retraining;
- continue their personal or professional development.

Comment: continuing education and training is part of lifelong learning and may encompass any kind of education (general, specialised or vocational, formal or non-formal, etc.). It is crucial for the employability of individuals.

Source: Cedefop, 2004.

Related terms: adult education, compensatory learning, initial education and training, lifelong learning

20) námseiningakerfi (credit system)

Fyrirkomulag sem miðar að því að safna saman þeim lærdómi sem fólk öðlast í formlegu námi, óformlegu eða formlausu, og greiða þannig fyrir að það geti flutt sig af einum vettvangi á annan með því að fá staðfestingu og viðurkenningu á fyrra námi. Námseiningakerfi er hægt að setja saman:

- með því að lýsa þjálfunar- eða námsleið og gefa einingar hverjum þætti hennar (námseiningum, áföngum, námsdvalarverkefnum, vinnu við doktorsritgerð, o.s.frv.); eða
- með því að lýsa hæfi og nota lærdómseiningar til að gefa hverjum námsáfangi einingar.

Heimildir: Byggt á Cedefop, 2004; Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (European Commission), 2006c.

Skyld hugtök: Evrópska einingakerfið fyrir starfsmenntun (ECVET), Evrópska viðurkenningakerfið fyrir námseiningar (ECTS)

An instrument designed to enable accumulation of learning outcomes gained in formal, non-formal and/or informal settings, and facilitate their transfer from one setting to another for validation and recognition. A credit system can be designed:

- by describing an education or training programme and attaching points (credits) to its components (modules, courses, placements, dissertation work, etc.); or
- by describing a qualification using learning outcomes units and attaching credit points to every unit.

Source: based on Cedefop, 2004; European Commission, 2006c.

Related terms: European credit system for vocational education and training (ECVET), European credit transfer system (ECTS)

21) námskrá (curriculum)

Skrá yfir þá verkferla sem notaðir eru til að móta, skipuleggja og undirbúa þjálfunar- eða menntunarstarf, þar með talda skilgreiningar námsmarkmiða, inntak, aðferðir (þ.á.m. námsmat), námsefni, en jafnframt fyrirkomulag þjálfara- og kennaramenntunar.

Athugasemd: Hugtakið *námskrá* vísar til mótunar, skipulags og undirbúnings menntunarstarfs, en hugtakið *námsleið* vísar til framkvæmdar þessarar starfsemi.

Heimildir: Byggt á Cedefop, 2004; Landsheere, 1979.

Skylt hugtak: námsleið

The inventory of activities implemented to design, organize and plan an education or training action, including the definition of learning objectives, content, methods (including assessment) and material, as well as arrangements for training teachers and trainers.

Comment: the term curriculum refers to the design, organization and planning of learning activities whereas the term programme refers to the implementation of these activities.

Source: based on Cedefop, 2004; Landsheere, 1979.

Related term: programme of education or training

22) stafræn gjá (digital divide / digital gap)

Sú aðgreining sem er milli þess fólks sem getur nálgast og notað upplýsinga- og samskiptatækni á árangursríkan hátt og þess sem getur það ekki.

Heimild: Byggt á Cedefop, 2004.

Skylt hugtök: grunnleikni í upplýsinga- og samskiptatækni, upplýsinga- og samskiptatækni /upplýsingatækni (ust/ut)

Within populations, the gap between those who can access and use information and communication technologies (ICT) effectively, and those who cannot.

Source: based on Cedefop, 2004.

Related terms: basic information and communication technology (ICT) skills, information and communication technology (ICT)

23) tölvulæsi (digital literacy)

Færni til að nota upplýsinga- og samskiptatækni.

Heimild: Byggt á Cedefop, 2004.

Skylt hugtök: grunnleikni í upplýsinga- og samskiptatækni, leikni, stafræn gjá, upplýsinga- og samskiptatækni (ust/ut), lykilleikni.

The competence to use information and communication technology (ICT).

Source: based on Cedefop, 2004.

Related terms: basic information and communication technology (ICT) skills, digital divide, information and communication technology (ICT), key skills

24) fjarnám og -þjálfun (distance education and training)

Menntun eða starfsnám sem veitt er fjarri kennslustað með samskiptamiðlum: bókum, útvarpi, sjónvarpi, síma, bréfaskiptum, tölvum eða myndböndum.

Heimild: Byggt á Alþjóðavinnuárástofnuninni (ILO), 1979.

Skyld hugtök: tölvustutt nám, opið nám.

Education and training imparted at a distance through communication media: books, radio, TV, telephone, correspondence, computer or video.

Source: based on ILO, 1979.

Related terms: e-learning, open learning

25) brottfall (dropout)

Brotthvarf frá námsleið áður en henni er lokið.

Athugasemdir:

(a) Á ensku á orðið *dropout* notað bæði um ferlið (brotthvarf frá námi) og þá nemendur (brottfallsnemendur) sem ekki ljúka námi.

(b) Auk þeirra nemanda sem hverfa frá námi, eru þeir nemendur sem ljúka almennu námi eða starfsnámi en falla á prófum stundum taldir með brottfallsnemendum.

Heimild: Byggt á Ohlsson, 1994.

Withdrawal from an education or training programme before its completion.

Comments:

(a) this term designates both the process (early school leaving) and the persons (early school leavers) who fail to complete a course;

(b) besides early school leavers, dropouts may also include learners who have completed education or training but failed the examinations.

Source: based on Ohlsson, 1994.

26) náms- eða þjálfunarbraut (education or training path)

Samanlagðar þær námslotur sem einstaklingur tekur til að öðlast þekkingu, leikni eða færni.

Athugasemd: Náms- eða þjálfunarbraut getur vísað bæði til þeirra formlegu og óformlegu námslota sem fá vottun að fenginni staðfestingu.

Heimildir: Cedefop; Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (European Commission), 2006c.

Skyld hugtök: Náms- eða þjálfunarsvið, Evrópska einingakerfið fyrir starfsmenntun (ECVET), nám, opið nám.

The sum of learning sequences followed by an individual to acquire knowledge, skills or competences.

Comment: a learning path may combine formal and non-formal learning sequences which validation leads to certification.

Source: Cedefop; European Commission, 2006c.

Related terms: education or training pathway, Evrópska einingakerfið fyrir starfsmenntun ECVET, learning, open learning

27) náms- eða þjálfunarsvið (education or training pathway)

Þær tengdu þjálfunar- eða námsleiðir í skólum, fræðslumiðstöðvum, æðri menntastofnunum eða hjá starfsmenntunaraðilum sem greiða leið fólks innan eða milli starfssviða.

Heimildir: Cedefop; Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (European Commission), 2006c.

Skylt hugtak: náms- eða þjálfunarbraut

A set of related education or training programmes provided by schools, training centres, higher education institutions or VET providers, and that facilitates individuals' progression within or between activity sectors.

Source: Cedefop; European Commission, 2006c.

Related term: education or training path

28) fræðsluaðili (education or training provider)

Hver sú stofnun eða einstaklingur sem veitir menntun.

Athugasemd: Fræðsluaðilar geta verið stofnanir sem sérstaklega eru reknar í þessu markmiði eða aðrir, svo sem atvinnurekendur, sem annast þjálfun sem hluta af rekstri sínum. Einstaklingar sem starfa á eigin vegum geta einnig boðið menntunarræði.

Heimild: Byggt á Cedefop, 2004.

Any organisation or individual providing education or training services.

Comment: education and training providers may be organizations specifically set up for this purpose, or they may be other, such as employers, who provide training as a part of their business activities. Training providers also include independent individuals who offer services.

Source: based on Cedefop, 2004.

29) tölvustutt nám (e-learning)

Nám þar sem stuðst er við upplýsinga- og samskiptatækni.

Athugasemdir:

- Tölvustutt nám takmarkast ekki við 'tölvulæsi' (að afla sér leikni í upplýsinga- og samskiptatækni). Það getur verið með margs konar móti og blönduðum aðferðum beitt: notaður hugbúnaður, netið, geilsadiskar, beinlínutengt nám eða hvers konar aðrir rafrænir eða gagnvirkir miðlar.
- Tölvustutt nám er hægt að nota bæði í fjarnámi en einnig sem þátt í staðarnámi.

Heimild: Byggt á Cedefop, 2004.

Skuld hugtök: tölvulæsi, fjarnám, upplýsinga- og samskiptatækni.

Learning supported by information and communication technologies (ICT).

Comments:

– e-learning is not limited to 'digital literacy' (acquiring ICT skills). It may encompass multiple formats and hybrid methods: using software, Internet, CD-ROM, online learning or any other electronic or interactive media;

– e-learning can be used as a tool for distance education and training but also to support face-to-face learning.

Source: based on Cedefop, 2004.

Related terms: digital literacy, distance education and training, information and communication technology (ICT)

30) starfshæfni (employability)

Allir þeir þættir sem gera fólki kleift að vinna að því að undirbúa sig undir starf, fá starf, halda starfi og auka starfsframa sinn.

Athugasemd: Starfshæfni einstaklinga byggist á (a) einstaklingsbundnum eiginleikum (þar með talinni nægilegri þekkingu og leikni); (b) hvernig þessum einstaklingsbundnu eiginleikum er komið á framfæri á vinnumarkaðinum; (c) umhverfis- og félagslegum aðstæðum (s.s. hvatningu og tækifærum sem í boði eru til að endurnýja og staðfesta þekkingu og leikni); og (d) fjárhagslegum aðstæðum.

Heimildir: Byggt á Scottish executive, 2007; The institute for Employment Studies, 2007.

Skyld hugtök: aðlögunarhæfni, ævinám, hreyfanleiki

The combination of factors which enable individuals to progress towards or get into employment, to stay in employment and to progress during career.

Comment: employability of individuals depends on (a) personal attributes (including adequacy of knowledge and skills); (b) how these personal attributes are presented on the labour market; (c) the environmental and social contexts (i.e. incentives and opportunities offered to update and validate their knowledge and skills); and (d) the economic context.

Sources: based on Scottish executive, 2007; The institute for employment studies, 2007.

Related terms: adaptability, lifelong learning, mobility

31) Evrópska einingakerfið fyrir starfsmenntun (ECVET) (European credit system for vocational education and training (ECVET))

Fyrirkomulag þar sem færni miðast við lærdóm í námsáföngum sem metnir eru til námseininga og kerfið síðan notað til að staðfesta lærdóm. Markmið þess er:

- að stuðla að hreyfanleika fólks í starfsnámi;
- að greiða fyrir uppsöfnun, flutningi, staðfestingu og viðurkenningu lærdóms (hvort heldur hann er formlegur, óformlegur eða formlaus) sem aflað er í fleiri löndum en einu;
- að styðja framkvæmd ævináms
- að efla gegnsæi færni
- að stuðla að gagnkvæmu trausti og samvinnu aðila á sviði almennrar menntunar og starfsmenntunar í Evrópu.

Athugasemd: Evrópska einingakerfið byggist á lýsingum á hæfi með hliðsjón af lærdómi (þekkingu, leikni og/eða færni) deilt niður í áfanga sem námseiningar eru gefnar fyrir og hægt er að yfirfæra, safna saman og skrá í námsferilsskrá hvers nemanda.

Heimildir: Cedefop; Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (European Commission), 2006c.

Skyld hugtök: námseiningakerfi, Evrópska viðurkenningarkerfið fyrir námseiningar (ECTS).

A device in which qualifications are expressed in units of learning outcomes to which credit points are attached, and which is combined with a procedure for validating learning outcomes. The aim of this system is to promote:

- mobility of people undertaking training;
- accumulation, transfer and validation and recognition of learning outcomes (either formal, non-formal or informal) acquired in different countries;
- implementation of lifelong learning;
- transparency of qualifications;
- mutual trust and cooperation between vocational training and education providers in Europe.

Comment: ECVET is based on the description of qualifications in terms of learning outcomes (knowledge, skills and/or competences), organised into transferable and accumulable

learning units to which credit points are attached and registered in a personal transcript of learning outcomes.

Source: Cedefop; European Commission, 2006c.

Related terms: credit system, Evrópsk viðurkenning á námseiningum (ECTS)

32) **Evrópska viðurkenningarkerfið fyrir námseiningar (ECTS)** (European credit transfer and accumulation system (ECTS))

Skipulögð aðferð til að lýsa námsleiðum við æðri menntastofnanir með því að meta til eininga þætti þeirra (námseiningar, námskeið, námsdvalarverkefni, vinnu við doktorsverkefni, o.s.frv.) til að

- gera innlendum jafnt sem erlendum námsmönnum auðveldara að kynna sér og bera saman námsleiðir;
- auka hreyfanleika nemenda og viðurkenningu á formlegu, óformlegu og formlausu námi;
- aðstoða háskóla við að skipuleggja og endurskoða námleiðir.

Athugasemd: Viðurkenningarkerfið byggist á því vinnuframlagi nemandans sem krafist er til að ná markmiðum námsleiðar eins og þau eru skilgreind í þeim lærdómi sem krafist er. Í Evrópu er vinnuframlag námsmanns í fullu námi yfirleitt um 1500 - 1800 klukkustundir á ári og þá samsvarar ein námseining um 25 til 30 vinnustundum. Þeir sem sýnt geta fram á sambærilegan lærdóm sem aflað hefur verið í öðru námsumhverfi geta fengið hann viðurkenndan og metinn og til námseininga (undanþágu) hjá útgefendum háskólagráðu.

Heimild: Byggt á Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (European Commission), 2004.

Skyld hugtök: einingakerfi, Evrópska einingakerfi fyrir starfsmenntun (ECVET).

A systematic way of describing a higher education programme by attaching credits to its components (modules, courses, placements, dissertation work, etc.), to:

- make study programmes easy to read and compare for all students, local and foreign;
- encourage mobility of students and recognition of formal, non-formal and informal learning;
- help universities to organise and revise their study programmes.

Comment: ECTS is based on the student workload required to achieve the objectives of a programme, specified in terms of learning outcomes to be acquired. The student workload of a fulltime study programme in Europe amounts in most cases to around 1500-1800 hours per year and in those cases one credit stands for around 25 to 30 working hours. Individuals who can demonstrate similar learning outcomes acquired in other learning settings may obtain recognition and credits (waivers) from the degree awarding bodies.

Source: based on European Commission, 2004.

Related terms: credit system, European credit system for vocational education and training (ECVET)

33) **evrópskir stjórnarhættir** (European governance)

Þær reglur, aðferðir og ferli sem beitt er í evrópskri stjórnsýslu

Athugasemd: Stjórnarhættir verða að tryggja að tekið sé á viðfangsefnum og almannafé nýtt á árangursríkan og skilvikan hátt og í samræmi við brýnar þarfir samfélagsins. Skilvirkir stjórnarhættir byggja á þátttöku almennings, ábyrgð, gagnsæi, skilvirkni og samræmi.

Heimild: Byggt á Eurovoc Thesaurus, 2005.

The rules, processes and behaviour implemented for the exercise of power at European level.

Comment: governance must ensure that public resources and problems are managed effectively, efficiently and in response to critical needs of society. Effective governance relies on public participation, accountability, transparency, effectiveness and coherence.
Source: based on Eurovoc Thesaurus, 2005.

34) Evrópski viðmiðaraminnn fyrir ævinám (EQF) (European qualification framework for lifelong learning (EQF))

Viðmiðunarkerfi til að lýsa og bera saman hæfisstig í hæfiskerfum innan atvinnugeira, á landsvísu og á alþjóðavettvangi.

Athugasemd: Aðalþættir kerfisins eru átta viðmiðunarþrep sem lýst er miðað við lærdóm (sambland þekkingar, leikni og/eða færni) svo og skipulag og meginreglur um frjálsa samvinnu. Þessi átta þrep ná allt frá því hæfi sem gildir um grunnþekkingu, leikni og/eða færni til þeirra þrepa sem veitt eru fyrir æðstu gráður á háskólastigi svo og fag- og starfsmenntun. Evrópska viðmiðarammanum er beitt til að yfirfæra milli hæfniskerfa.

Heimild: Byggt á Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (European Commission), 2006a.

Skyld hugtök: viðmiðarammi, hæfiskerfi

A reference tool for the description and comparison of qualification levels in qualifications systems developed at national, international or sectoral level.

Comment: the EQF's main components are a set of 8 reference levels described in terms of learning outcomes (a combination of knowledge, skills and/or competences) and mechanisms and principles for voluntary cooperation. The eight levels cover the entire span of qualifications from those recognising basic knowledge, skills and competences to those awarded at the highest level of academic and professional and vocational education and training. EQF is a translation device for qualification systems.

Source: based on European Commission, 2006a.

Related terms: qualification framework, qualification system

35) háskólastig (ISCED 5) (first stage of tertiary education (ISCED 5))

Þetta stig nær til námsleiða í háskóla með: (a) akademísk markmið (gerð A) sem eru aðallega fræðileg; (b) fagleg markmið (gerð B) sem yfirleitt eru styttri en gerð A og miðast við störf á vinnumarkaði. Námsleiðir af A-gerð veita aðgang að áframhaldandi rannsóknarnámi og fagstéttum sem gera kröfur til mikillar leikni. Námsleiðir af B-gerð búa nemendur beinlínis undir ákveðnar starfsstéttir. Aðgangur að 5. þrepi ISCED krefst yfirleitt að 3. eða 4. þrepum ISCED hafi verið lokið með viðunandi árangri.

Athugasemd: Námsleiðir háskólastigs (5A) með akademísk markmið eru að jafnaði utan sviðs VET.

Heimildir: Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), 1997; Eurydice, 2006.

Skyld hugtök: unglíngastig (ISCED 2), viðbótarstig (ekki háskólastig) (ISCED 4), framahaldsskólastig (ISCED 3)

This level includes tertiary programmes with: (a) academic orientation (type A) which are largely theoretical; (b) occupation orientation (type B) usually shorter than type A and geared for entry to the labour market. Type A programmes provide access to advanced research studies and professions with high skill requirements. Type B programmes prepare students for direct entry into a specific occupation. Entry to ISCED level 5 normally requires successful completion of ISCED levels 3 or 4.

Comment: Level 5 A programmes with academic orientation are typically outside the scope of VET.

Source: Unesco, 1997; Eurydice, 2006.

Related terms: lower secondary education (ISCED 2), postsecondary (non-tertiary) education (ISCED 4), upper secondary education (ISCED 3)

36) formlegt nám (formal learning)

- skilgreiningar stefnumörkunar varðandi hæfi, hönnunar námskeiða og starfrækslu þeirra, fyrirkomulags í stjórnkerfinu, fjárveitinga og gæðatryggingar;
- mats, staðfestingar og vottunar lærdóms.

Heimild: Byggt á Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (European Commission), 2006a.

Skyld hugtök: námsmat, vottun lærdóms, viðmiðarammi um hæfi, staðfesting lærdóms.

All activities related to the recognition of learning outcomes and other mechanisms that link education and training to the labour market and civil society. These activities include:

- definition of qualification policy, training design and implementation, institutional arrangements, funding, quality assurance;
- assessment, validation and certification of learning outcomes.

Source: based on European Commission, 2006a.

Related terms: assessment of learning outcomes, certification of learning outcomes, qualification framework, validation of learning outcomes

74) viðurkenning lærdóms (recognition of learning outcomes)

(a) Formleg viðurkenning: aðferð til að skjalfesta leikni og færni annað hvort með að:

- gefa út skjal (skírteini eða námstítil); eða
- jafngilda leikni og/eða færni, námseiningar eða undanþágur, staðfesta áunna leikni og/eða færni ; og/eða

(b) Félagsleg viðurkenning: viðurkenning fjárhagslegra og félagslegra hagsmunaaðila á gildi leikni og /eða færni.

Heimild: Cedefop, 2004.

Skyld hugtök: vottun lærdóms, gagnkvæm viðurkenning hæfis, staðfesting lærdóms.

(a) Formal recognition: the process of granting official status to skills and competences either through the:

- award of qualifications (certificates, diploma or titles); or
- grant of equivalence, credit units or waivers, validation of gained skills and/or competences; and/or

(b) Social recognition: the acknowledgement of the value of skills and/or competences by economic and social stakeholders.

Source: Cedefop, 2004.

Related terms: certification of learning outcomes, mutual recognition of qualifications, validation of learning outcomes

75) lögbundin starfsgrein (regulated profession)

Atvinnustarfsemi eða atvinnuvegur sem ekki má hefja eða stunda (á neinn hátt) nema með beinum eða óbeinum lagafyrirmælum eða stjórnarsýslufyrirmælum um að viðkomandi hafi ákveðið hæfi til að bera.

Heimild: Byggt á Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (European Commission), 2002.

Skylt hugtak: hæfi.

A occupational activity or group of occupational activities access to which, and the practice of which (or to one of its forms) is directly or indirectly subject to legislative, regulatory or administrative provisions concerning the possession of specific qualifications.

Source: based on European Commission, 2002.

Related term: qualification

76) umskólun (retraining)

Þjálfun sem gerir fólki fært að afla sér nýrrar leikni sem veitir því aðgang annað hvort að nýrri starfsgrein eða nýjum störfum innan greinarinnar.

Heimild: Byggt á Cedefop, 2004.

Skylt hugtök: endurmenntun og -þjálfun, framhaldsþjálfun.

Training enabling individuals to acquire new skills giving access either to a new occupation or to new professional activities.

Source: based on Cedefop, 2004.

Related terms: continuing education and training, further training

77) framhaldsskólapróf / stúdentspróf (secondary school leaving certificate / baccalaureate)

Próf sem tekið er í lok framhaldsskóla til að staðfesta og votta lærdóm nemenda að afloknu matsferli.

Athugasemdir:

- ekki veita öll lokapróf úr framhaldsskóla aðgengi að æðri menntun;
- í sumum löndum heita lokapróf framhaldsskóla mismunandi nöfnum, til dæmis:

Austurríki

- Reifeprüfungszeugnis (almennt framhaldsskólapróf, almennt aðgengi að æðri menntun) eða Reife- und Diplomprüfungszeugnis (starfsnámspróf framhaldsskóla, tvönn konar hæfi: almennt aðgengi að æðri menntun og starfshæfi);
- Berufsreifeprüfungszeugnis (almennt aðgengi að æðri menntun og jafnframt staðfesting þekkingar, leikni og færni sem aflað er á vinnustað).

Þýskaland

- Abitur
- Fachabitur

Írland

- Leaving certificates

Frakkland

Baccalauréat:

- baccalauréat général (almenn menntun);
- baccalauréat technologique (almenn menntun og tæknimenntun);
- baccalauréat professionnel (starfsmenntun fyrir ákveðna starfsstétt).

Porútgálf

- diploma do ensino secundário (almenn menntun);
- diploma de qualificação (almenn menntun og starfsmenntun / tvíþætt skírteini).

Bretland

(a) fyrir háskólanám

- GCSEs (General Certificate of Secondary Education);
- GCE A level (General Certificate of Educational Advanced Level)
- og AS level (Advanced supplementary level);
- Standard Grade (í Skotlandi);
- Higher Grade (í Skotlandi);
- Advanced higher Grade (í Skotlandi).

(b) fyrir starfsnám

- Vocational Certificates of Secondary Education (VCSE).

Heimildir: Cedefop, 2004; Ministère de l'éducation nationale

An examination administered at the end of upper secondary education to validate and certify the learning outcomes of learners following an assessment procedure.

Comments:

- not all secondary school leaving certificates guarantee systematic access to higher education;
- at national level, school leaving certificates bear different names, for example:

AUSTRIA

- Reifeprüfungszeugnis (general upper secondary, general access to higher education) or Reife- und Diplomprüfungszeugnis (vocational upper secondary, double qualification: general access to higher education and vocational qualifications);
- Berufsreifeprüfungszeugnis (general access to higher education, includes validation of knowledge, skills and competences acquired on the job).

GERMANY

Abitur

Fachabitur

IRELAND

Leaving certificates

FRANCE

Baccalauréat:

- baccalauréat général (general education);
- baccalauréat technologique (general and technical education);
- baccalauréat professionnel (vocational training leading to a specific occupation).

PORTUGAL

- diploma do ensino secundário (general education);
- diploma de qualificação (general and vocational education / double certification).

UNITED KINGDOM:

(a) **academic levels**

- GCSEs (General Certificate of Secondary Education);
- GCE A level (General Certificate of Educational Advanced Level) and AS level (Advanced supplementary level);
- Standard Grade (Scotland);
- Higher Grade (Scotland);
- Advanced higher Grade (Scotland).

(b) **vocational levels**

- Vocational Certificates of Secondary Education (VCSE).

Source: Cedefop, 2004; Ministère de l'éducation nationale

78) (atvinnu)geiri (sector)

Hópur fyrirtækja sem rekin er innan sama atvinnuvegs (t.d. í efnaiðnaði).

eða

Hópur samstæðra starfsstétta sem algengar eru í margs konar fyrirtækjum (t.d. markaðssetning).

Heimildir: Cedefop; Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (European Commission), 2006a.

A group of companies with the same main economic activity (e.g. chemicals).

or

A category of transversal professional activities (e.g. marketing) common to a variety of companies.

Source: Cedefop; European Commission, 2006a.

79) leikni (skill)

Getan til að vinna verk og leysa verkefni.

Heimildir: Cedefop; Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (European Commission), 2006a.

Skyld hugtök: færni, þekking, verksvit.

The ability to perform tasks and solve problems.

Source: Cedefop; European Commission, 2006a.

Related terms: competence, knowledge, know-how

80) færningreining (skills audit)

Greining á þekkingu, leikni og færni einstaklings, þar á meðal hæfileikum og áhuga, í þeim tilgangi að afmarka starfsferilsáform og/eða skipuleggja áætlun um nýja stefnumörkun í starfi eða þjálfun.

Athugasemd: markmið greiningarinnar er að aðstoða einstaklinginn til að

- að greina fyrri störf;
- að meta sjálfur stöðu sína á vinnustað eða vinnumarkaði;
- að búa sig undir staðfestingu á óformlegum og formlausum lærdómi;
- að skipuleggja náms- eða þjálfunarsvið til undirbúnings starfi.

Heimildir: Byggt á Code du travail français, 2003; Cedefop.

Skyld hugtök: formlaust nám, óformlegt nám, staðfesting lærdóms.

Analysis of knowledge, skills and competences of an individual, including his or her aptitudes and motivations to define a career project and/or plan professional reorientation or training project.

Comment: the aim of a skills audit is to help the individual:

- analyse career background;
- self-assess position in the labour environment;
- prepare themselves to validation of non-formal or informal learning outcomes.
- plan career pathway.

Source: based on Code du travail français, 2003; Cedefop.

Related terms: informal learning, non-formal learning, validation of learning outcomes

81) samskipti á vinnumarkaði (social dialogue)

Samskiptaferli aðila vinnumarkaðarins til að efla samráð, skoðanaskipti og greiða fyrir almennum kjarasamningum.

Athugasemdir:

- (a) Samskipti á vinnumarkaði geta verið tvíhliða (milli fulltrúa launþega og atvinnurekenda) eða þríhliða (að viðbættum fulltrúum opinberra stjórnvalda og/eða frjálsra félagasamtaka o.s.frv.);
- (b) Samskipti á vinnumarkaði geta átt sér stað á ýmsum stigum (fyrirtæki, atvinnugreinar / þvert á atvinnugreinar og staðbundið / svæðisbundið / á landsvísu / fjölþjóðlegt);
- (c) Á alþjóðavettvangi geta samskipti á vinnumarkaði verið tvíhliða, þríhliða eða marghliða eftir því hve mörg ríki eiga hlut að máli.

Heimild: Cedefop, 2004

Skyld hugtök: frjáls félagasamtök, aðilar vinnumarkaðarins

A process of exchange between social partners to promote consultation, dialogue and collective bargaining.

Comment:

(a) social dialogue can be bipartite (involving representatives of workers and employers) or tripartite (also associating public authorities and/or representatives of civil society, NGOs, etc.);

(b) social dialogue can take place at various levels (company, sectoral / cross-sectoral and local / regional / national / transnational);

(c) at international level, social dialogue can be bilateral, trilateral or multilateral, according to the number of countries involved.

Source: Cedefop, 2004.

Related terms: civil society, social partners

82) félagsleg samlögun (social inclusion)

Félagsleg samlögun einstaklinga – eða hópa einstaklinga – sem borgarar eða sem þátttakendur í félagslegu tengslaneti í samfélaginu. Félagsleg samlögun byggist í grundvallaratriðum á vinnumarkaðinum eða efnahagslegri samlögun.

Heimild: Cedefop, 2004.

The integration of individuals – or groups of individuals – into society as citizens or as members of various public social networks. Social inclusion is fundamentally rooted in labour market or economic inclusion.

Source: Cedefop, 2004.

83) aðilar vinnumarkaðarins (social partners)

Samtök atvinnurekenda og stéttarfélög eru þeir tveir aðilar sem annast samskipti á vinnumarkaði.

Athugasemdir:

- Hugtakið *aðili vinnumarkaðarins* á uppruna sinni í Frakklandi og Þýskalandi en var seinna tekið upp innan Evrópusambandsins;
- Þríhliða samskipti á vinnumarkaði ná einnig til opinberra stjórnvalda og/eða frjálsra félagasamtaka o.fl.).

Heimild: Byggt á Cedefop, 2004.

Skyld hugtök: frjáls félagasamtök, samskipti á vinnumarkaði.

Employers' associations and trade unions forming the two sides of social dialogue.

Comments:

– the concept of 'social partner' originates in France and Germany and was subsequently taken up in EU circles;

– tripartite social dialogue also associates public authorities and/ or representatives of civil society, NGOs, etc.).

Source: based on Cedefop, 2004.

Related terms: civil society, social dialogue

84) sérkennsla (special needs education)

Menntunarfær og stuðningur sem ætlað er að koma til móts við sérstakar þarfir fatlaðra barna eða þeirra sem ekki gengur vel í skóla af einhverjum þeim fjölmörgu ástæðum sem vitað er að torvelda ákjósanlegar framfarir.

Athugasemd:

Heitið *sérkennsla* er nú notað um kennslu nemenda með einhverjar sérþarfir, en áður vísaði það einungis til kennslu fyrir fatlaða nemendur og fór þá fram í sérskólum eða stofnunum sem aðskildar voru frá almenna skóla- og háskólakerfinu. Nú fær stór hluti fatlaðra barna menntun sína við stofnanir almenna skólakerfisins.

Heimild: Byggt á UNESCO, 1997.

Educational activity and support designed to address specific needs of disabled children or of children who are failing school for many other reasons that are known to impede optimal progress.

Comment: the term “special needs education” is now preferred to the term “special education”. The older term was mainly understood to refer to the education of children with disabilities, taking place in special schools or institutions distinct from, and outside of, the regular school and university system. In many countries today a large proportion of disabled children are in fact educated in institutions of the regular system.

Source: based on Unesco, 1997.

85) viðmið (standard)

Staðall. Röð undirstöðuatriða sem skilgreind eru af hlutaðeigandi aðilum.

Athugasemd:

Hægt er að greina á milli nokkurra staðlagerða:

- Færni viðmið vísa til þekkingar, leikni og/eða færni sem tengjast starfsháttum;
- Menntunarviðmið vísa til gagna um námsmarkmið, inntak námskráa, inngönguskilyrði og ennfremur þeirra fjármuna sem nauðsynlegir eru til að fullnægja námsmarkmiðum;
- Starfsviðmið vísa til gagna um þá starfsemi og þau verk sem tengjast ákveðnu starfi og starfsháttum;
- Matsviðmið vísa til gagna um þann lærdóm sem meta á og þá aðferðafræði sem notuð er;
- Staðfestingarviðmið vísa til gagna um hvaða árangri þarf að ná og þá aðferðafræði sem notuð er;
- Vottunarviðmið vísa til gagna um viðeigandi reglur til að fá skírteini eða námstítil og jafnframt þau réttindi sem slíkt veitir.

Mismunandi er eftir kerfum hvort þessi viðmið eru skilgreind hvert fyrir sig eða eru hluti af sama skjali.

Heimild: Cedefop.

A series of elements whose content is defined by concerned actors.

Comment:

One can distinguish between several types of standards:

– competence standard refers to the knowledge, skills and/or competences linked to the practice of a job;

- educational standard refers to the statements of learning objectives, content of curricula, entry requirements as well as resources required to meet the learning objectives;
 - occupational standard refers to the statements of the activities and tasks related to a specific job and to its practice;
 - assessment standard refers to the statements of the learning outcomes to be assessed and the methodology used;
 - validation standard refers to the statements of the level of achievement to be reached by the person assessed, and the methodology used;
 - certification standard refers to the statements of the rules applicable for obtaining a certificate or diploma as well as the rights conferred.
- According to the system, these standards can be defined separately or be part of one document.

Source: Cedefop.

86) kennari (teacher)

Einstaklingur sem gegnir því starfi að miðla þekkingu, verksviti eða leikni til nemenda við þjálfunar- eða menntastofnun.

Athugasemd: Kennari getur leyst ýmis verkefni svo sem að skipuleggja og annast framkvæmd þjálfunarleiða/áfanga/námskeiða og miðla þekkingu hvort heldur er almennri eða sérhæfðri, fræðilegri eða hagnýtri. Kennarar í starfsmenntastofnun eru stundum nefndir *þjálfarar*.

Heimild: Cedefop, 2004; AFPA 1992.

Skyld hugtök: námseflir, þjálfari.

A person whose function is to impart knowledge, know-how or skills to learners in an education or training institution.

Comment: a teacher may fulfil several tasks such as organising and carrying out training programmes/courses and transmitting knowledge, whether generic or specific, theoretical or practical. A teacher in a vocationally-oriented institution may be referred to as a 'trainer'.

Source: Cedefop, 2004; AFPA 1992.

Related terms: learning facilitator, trainer

87) þjálfari (trainer)

Hver sá sem gegnir einu eða fleiru þeirra starfa sem tengjast (fræðilegum eða hagnýtum) þjálfunarstörfum, annað hvort við menntastofnun eða á vinnustað.

Athugasemdir:

(a) Greina má milli tveggja flokka þjálfara:

- Fagmenntaðir þjálfarar eru þjálfunarsérfræðingar og geta störf þeirra samsvarað störfum kennara við starfsþjálfunarstofnun;
- Sérfræðingar á einhverju sviði sem annað hvort eru þjálfarar í hlutastarfi eða gegna þeim störfum tímabundið sem hluta af starfi sínu, ýmist innan fyrirtækis (sem mentorar eða einkakennarar nýrra starfsmanna og iðnnema/lærlinga eða almennt við þjálfun) eða utan fyrirtækis (með því að veita þjónustu tímabundið við þjálfunarstofnanir);

(b) Þjálfarar geta sinnt ýmsum verkefnum:

- Hannað starfsemi á sviði þjálfunar;
- Skipulagt eða annast slíka starfsemi;
- Séð um þjálfunina sjálfa, þ.e. miðlað þekkingu, verksviti og leikni;
- Aðstoðað lærlinga við að auka leikni sína með því að leiðbeina þeim, gefa þeim fyrirmæli og gera athugasemdir meðan á samningsbundnu námi þeirra stendur.

Heimildir: Cedefop, 2004; AFPA, 1992.

Skyld hugtök: námseflir, kennari.
Þjálfun: sjá starfsmenntun.

Anyone who fulfils one or more activities linked to the (theoretical or practical) training function, either in an institution for education or training, or at the workplace.

Comment:

(a) two categories of trainer can be distinguished:

- professional trainers are training specialists whose job may coincide with that of the teacher in a vocational training establishment;
- part-time or occasional trainers are professionals in various fields who take on, in their normal duties, part-time training activity, either in-company (as mentors and tutors of recruits and apprentices or as training providers) or externally (by occasionally offering their services at a training establishment);

(b) trainers may carry out various tasks:

- design training activities;
- organise and implement these activities;
- provide the actual training, i.e. transfer knowledge, know-how and skills;
- help apprentices develop their skills by providing advice, instructions and comments throughout the apprenticeship.

Source: Cedefop, 2004; AFPA, 1992.

Related terms: learning facilitator, teacher

training see vocational education and training (VET)

88) skipulagning og hönnun þjálfunar (training course planning and design)

Margþætt, samræmd og aðferðafræðileg starfsemi sem beitt er til að móta, skipuleggja og eiga framkvæði að áætlunum um þjálfun í samræmi við þau markmið sem sett hafa verið.

Athugasemd: Skipulagning og hönnun þjálfunar felur í sér greiningu á námseftirspurn og námsþörf, verkefnahönnun, samhæfingu og framkvæmd eftirlits og jafnframt mat á áhrifum þjálfunarinnar.

Heimild: Byggt á Le Préau, 2002.

Skyld hugtak: greining á námsþörf.

A set of consistent methodological activities employed in designing and planning training initiatives and schemes against objectives set.

Comment: training course planning and design includes analysis of training demand and needs, project design, coordination and implementation monitoring as well as assessment of training impact.

Source: based on Le Préau, 2002.

Related term: training needs analysis

89) greining á námsþörf (training needs analysis)

Kerfisbundin greining á núverandi þörfum og framtíðarþörfum fyrir leikni miðað við þá leikni sem er fyrir hendi til þess að hrinda í framkvæmd skilvirkri þjálfunaráætlun.

Athugasemdir:

- Greining á námsþörf byggir á: (a) að gera sér grein fyrir hvaða leikni er þörf (b) að meta þá leikni sem er fyrir hendi í atvinnulífinu og (c) að gera úttekt á hvað leikni skortir eða vantar upp á;
- Greining á námsþörf er hægt að gera fyrir einstaklinga, stofnanir, atvinnugeira, þjóðir eða á alþjóðavettvangi. Hún getur beinst að meginindlegum eða eiginlegum þáttum (t.d. magni eða tegund þjálfunar) og ætti að tryggja að staðið sé að þjálfuninni á skilvirkan og hagkvæman hátt.

Heimild: Cedefop.

Skylt hugtak: skipulagning og hönnun þjálfunar.

A systematic analysis of present and future skills needs against the skills available to implement an efficient training strategy.

Comments:

– a training needs analysis rests on: (a) identification of skills needs (b) assessment of skills available in the workforce and (c) appraisal of skills gaps and shortages;
– a training needs analysis can be conducted at individual, organisational, sectoral, national or international level; it may focus on quantitative or qualitative aspects (for example level and type of training) and should ensure that training is delivered in an effective and cost-efficient manner.

Source: Cedefop.

Related term: training course planning and design

90) menntun þjálfara (training of trainers)

Fræðileg og hagnýt menntun kennara og þjálfara.

Athugasemd: Menntun þjálfara:

- (a) er ætluð þeim starfsmönnum sem kenna/þjálfa annað hvort sem eru: (i) fagmenntaðir kennarar eða þjálfarar (ii) fagmenntaðir á einhverju ákveðnu sviði og fylgjast með þeim sem eru í þjálfun á vinnustað (þeir sem kenna/þjálfa tímabundið);
- (b) nær til víðtæks leiknisviðs: þekkingar sem er sérstök fyrir tiltekið svið (almenn, tæknileg eða vísindaleg), menntunar-, sálfræðilegrar og félagsfræðilegrar leikni; stjórnunarkunnáttu; kynna af atvinnulífinu og þekkingar á þjálfunaráætlunum og markhópum;
- (c) nær einnig til þeirrar þjálfunar sem snýr að hönnun áfanga, skipulagningu þeirra og framkvæmd og jafnframt að inntaki þjálfunarstarfs, þ.e. að miðla þekkingu, verksviti og leikni.

Heimild: Cedefop, 2004.

Skylt hugtök: námseflir, kennari, þjálfari.

Theoretical or practical training for teachers and trainers.

Comment: training of trainers:

- (a) is for teaching/training personnel, either practicing: (i) as professional teachers or trainers (ii) as professionals in a given field who accompany trainees in their work environment (occasional teachers or trainers); (b) covers a wide range of skills: knowledge specific to the field in question (general, technical or scientific); educational, psychological and sociological skills; management skills; familiarity with the world of work; and knowledge of training schemes and target audience;
- (c) also covers training related to course design, organization and implementation as well as the content of training activities, i.e. imparting knowledge, know-how and skills.

Source: Cedefop, 2004.

Related terms: learning facilitator, teacher, trainer

91) yfirfærsla námsmarkmiða (transferability of learning outcomes)

Að hve miklu leyti hægt er að nýta þekkingu, leikni og færni við nýjar menntunar- og starfsaðstæður, og/eða hvort staðfesting og vottun séu möguleg.

Heimild: Byggt á Cedefop, 2004.

The degree to which knowledge, skills and competences can be used in a new occupational or educational environment, and/or to be validated and certified.

Source: based on Cedefop, 2004.

92) ferli frá námi til atvinnulífs (transition from school or training to work)

Flutningur úr námi og í starf, þ.m.t. sá tími sem líður frá því að námi er hætt og þar til komið er á vinnumarkaðinn.

Athugasemd: Umskipti milli skóla og atvinnu (samlögunarferli, atvinnugrein – með tilliti til bæði stöðu og virðingar – og ráðningartíma) eru flókin. Samlögung byggist á mörgum þáttum (kyni, aldri, hæfi, starfsmannastefnu, framboði á ráðgjöf o.s.frv.)

Heimild: Cedefop, 2004.

The move from education or training to employment, covering the period between leaving education and entering the labour market.

Comment: transition between school and employment (integration path, type of employment – with regard to level and status – and duration) is complex. Integration depends on many factors (gender, age, qualification, employment policy, guidance and counseling provision, etc.).

Source: Cedefop, 2004.

93) gegnsæi hæfis (transparency of qualifications)

Í hve miklum mæli greina má og skoða hæfi hvað varðar inntak þess og virði (í atvinnugeiranum, landshluta, á lands- og alþjóðavísu) á vinnumarkaðinum og í menntakerfinu.

Heimild: Byggt á Cedefop, 2004.

Skyld hugtak: sambærileiki hæfis.

The degree of visibility and legibility of qualifications, of their content and value on the (sectoral, regional, national or international) labourmarket and in the education and training systems.

Source: based on Cedefop, 2004.

Related terms: comparability

94) einkakennsla / aðstoðarkennsla (tutoring)

Öll sú starfsemi sem nemandanum býðst í ráðgjöf og eftirliti af hálfu reynds og hæfs fagmanns. Einkakennarinn er nemandanum til stuðnings allan námsferilinn (í skóla, fræðslumiðstöð eða í starfi).

Athugasemd: einkakennsla nær til ýmissar starfsemi:

- akademískra faga (til að auka námsafköst)
- starfsferils (til að greiða leiðina frá skóla út í atvinnulífið)
- einstaklingsþroska (til að hvetja nemandann til að taka skynsamlegar ákvarðanir).

Heimild: Cedefop, 2004.

Skyld hugtök: námseflir, leiðsögn.

Any activity offering a learner guidance, counselling or supervision by an experienced and competent professional. The tutor supports the learner throughout the learning process (at school, in training centres or on the job).

Comment: tutoring covers various activities:

- academic subjects (to improve educational achievement);
- careers (to ease the transition from school to work);
- personal development (to encourage learners to make wise choices).

Sources: Cedefop, 2004.

Related term: learning facilitator, mentoring

95) námsáfangi (unit (ECVET))

Ákveðin samsetning þekkingar, leikni og/eða færni sem myndar heildstæðan hluta hæfis. Áfangi getur verið smæsti liður hæfis sem hægt er að meta, flytja, staðfesta og jafnvel votta. Áfangi getur takmarkast við ákveðið hæfi eða verið algengur í margs konar hæfi.

Athugasemd: Einkenni áfanga (inntak, stærð, heildarfjöldi áfanga sem mynda hæfi, o.s.frv.) eru skilgreind af viðurkenndum aðilum sem bera ábyrgð á hæfi á viðkomandi sviði.

Skilgreining og lýsing áfanga getur verið breytileg eftir því hvaða hæfiskerfi um er að ræða og starfsháttum viðkomandi aðila. Öllum áföngum í ECVET-kerfinu fylgir þó:

- almennt heiti áfangans;
- sú þekking, leikni og færni sem felst í áganganum;
- þeir mælikvarðar sem beitt er við mat á samsvarandi lærdómi.

Heimild: Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (European Commission), 2006c.

Skyld hugtök: Evrópskt einingakerfi fyrir starfsmenntun (ECVET), Evrópski viðmiðaraminnn fyrir ævinám (EQF).

A set of knowledge, skills, and/or competences which constitute a coherent part of a qualification. A unit can be the smallest part of a qualification that can be assessed, transferred, validated and, possibly, certified. A unit can be specific to a single qualification or common to several qualifications.

Comment: the characteristics of units (content, size, total number of units composing a qualification, etc.) are defined by the competent body responsible for the qualification at the appropriate level. The definition and description of units can vary according to the qualifications system and the procedures of the competent body. However, the ECVET system proposes to provide for every unit:

- the generic title of the unit;
- the knowledge, skills and competence which are contained in a unit;
- the criteria for assessment of the corresponding learning outcomes.

Source: European Commission, 2006c.

Related terms: European credit system for vocational education and training (ECVET), European qualifications framework (EQF)

96) nám á framhaldsskólastigi (ISCED 3) (upper secondary education (ISCED 3))

Framhaldsskóli hefst yfirleitt við lok skyldunáms. Innritunaraldur er yfirleitt 15 til 16 ár. Innritunar hæfi (lok skyldunáms) og önnur lágmarks inntökuskilyrði þurfa yfirleitt að vera fyrir hendi. Kennsla miðast yfirleitt meira við námsgreinar en á unglíngastigi. Meðallengd framhaldsskólans er að jafnaði frá tveimur til fimm ára.

Heimildir: UNESCO, 1997; Eurydice, 2006.

Skyld hugtök: Evrópski viðmiðaraminnn fyrir ævinám (EQF), háskólastig (ISCED 5), unglíngastig (ISCED 2), viðbótarstig (ISCED 4).

Final stage of secondary education that normally begins at the end of compulsory education. The entrance age is usually 15 or 16 years. Entrance qualifications (completion of compulsory education) and other minimum entry requirements are generally needed. Instruction is often more subject-oriented than lower secondary education (ISCED 2). The typical duration of ISCED level 3 varies from two to five years.

Source: Unesco, 1997; Eurydice, 2006.

Related terms: European qualifications framework (EQF), first stage of tertiary education (ISCED 5), lower secondary education (ISCED 2), post-secondary (non-tertiary) education (ISCED 4)

97) viðbótarþjálfun (upskilling)

Skammtíma, hnitmiðuð þjálfun að jafnaði veitt að lokinni grunnmenntun og miðar að því að bæta, auka við og endurnýja þá þekkingu, leikni og/eða færni sem aflað var við fyrri þjálfun.

Heimild: Cedefop, 2004.

Skyld hugtök: endurmenntun og –þjálfun, grunnstarfsmenntun, umskólun.

Short-term targeted training typically provided following initial education or training, and aimed at supplementing, improving or updating knowledge, skills and/or competences acquired during previous training.

Source: Cedefop, 2004.

Related terms: continuing education and training, initial vocational education and training, retraining

98) staðfesting lærdóms /afraksturs náms (validation of learning outcomes)

Staðfesting viðurkennds aðila á að lærdómur (þekking, leikni og/eða færni) sem einstaklingur hefur aflað sér í formlegu, óformlegu og formlausu námi hafi verið metinn miðað við fyrirframákveðna mælikvarða og sé í samræmi við kröfur um staðfestingarviðmið. Staðfesting leiðir yfirleitt til vottunar.

Heimild: Cedefop

Skyld hugtök: námsmat, vottun lærdóms.

Confirmation by a competent body that learning outcomes (knowledge, skills and/or competences) acquired by an individual in a formal, non-formal or informal setting have been assessed against predefined criteria and are compliant with the requirements of a validation standard. Validation typically leads to certification.

Source: Cedefop.

Related terms: assessment of learning outcomes, certification of learning outcomes

99) hvatning til náms (valuing learning)

Hvatning til þátttöku og árangurs í (formlegu eða óformlegu) námi til þess að efla skilning á eðlislægu gildi náms og til að umbuna fyrir námsárangur.

Heimildir: Cedefop, 2001 í Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (European Commission), 2001.

Skyld hugtök: lærdómsfyrirtæki, námssvæði

The process of promoting participation in and outcomes of (formal or non-formal) learning, in order to raise awareness of its intrinsic worth and to reward learning.

Source: Cedefop, 2001 in European Commission, 2001.

Related terms: learning organisation, learning region

100) **starfsmenntun og –þjálfun** (vocational education and training (VET))

Menntun og þjálfun sem stefna að því að afla fólki þeirrar þekkingar, starfsvits, leikni og/eða færni sem nauðsynleg er í ákveðnum atvinnugreinum eða almennt á vinnumarkaðinum.

Heimild: Byggt á European Training Foundation, 1997.

Education and training which aims to equip people with knowledge, know-how, skills and/or competences required in particular occupations or more broadly on the labour market.

Source: adapted from European Training Foundation, 1997.